

Föstudaginn 21. mars 1986.

Nr. 166/1984. **Norgear A/S**

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Þorsteini Júlíussyni

og gagnsök

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Málflutningslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1984. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa:

Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda.

1. varakrafa:

Að hann verði aðeins dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 6.318,10 íslenskar krónur með vöxtum eftir því sem segir í dómsorði hins áfrýjaða dóms.

2. varakrafa:

Að gagnáfrýjanda verði aðeins dæmdar 14.781,00 króna ásamt vöxtum eftir því sem segir í 1. varakröfu.

Í öllum framangreindum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

3. varakrafa:

Að málskostnaður verði látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. október 1984 með heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973. Hann krefst

Þess aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum í íslenskum gjaldmiðli jafnvirði 12.928,00 norskra króna, eftir gengi á uppsögudegi dóms í málinu, ásamt 10% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til greiðsludags. Til vara krefst hann að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 49.100,00 íslenskar krónur með 42% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 21. september s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 9. apríl 1984 en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu eftirstöðva kröfu er hann telur sig hafa eignast á aðaláfrýjanda vegna lögsóknar er hann hóf að tilmælum aðaláfrýjanda á hendur Heklu hf. hér í borg með stefnu birtri 11. júní 1981 til heimtu viðskiptaskuldar.

Fjárfrafa aðaláfrýjanda, sú sem gagnáfrýjanda var falið að innheimta með lögsókn, var í stefnu talin nema 218.600,00 norskum krónum, en það var þá jafnvirði 267.085,00 íslenskra króna.

Daginn eftir birtingu stefnunnar, eða hinn 12. júní 1981, greiddi Hekla hf. gagnáfrýjanda 195.152,00 íslenskar krónur upp í stefnukröfuna.

Við þingfestingu málsins lagði gagnáfrýjandi ekki fram önnur skjöl en stefnu. Voru gögn þau, sem málatilbúnaður hans var reistur á, eigi lögð fram í dómi fyrr en fram kom greinargerð af hans hendi. Er hún dagsett 10. febrúar 1982. Virðist Hekla hf. þá hafa fengið frest, einn eða fleiri, til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu. Er hún talin hafa verið dagsett 29. apríl 1982.

Veturinn 1982-1983 greiddi Hekla hf. til aðaláfrýjanda 30.000,00 norskar krónur svo sem nánar er greint í héraðsdómi. Var eftir það fallið frá að halda málinu áfram. Sendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda því næst málskostnaðarreikning þann dags. 30. maí 1983, sem greindur er í hinum áfrýjaða dómi.

Gagnáfrýjandi er hæstaréttarlögmaður og rekur lögmannsskrif-

stofu hér í borg. Málssókn sú er hann hóf að beiðni aðaláfrýjanda var rekin fyrir íslenskum dómstóli. Leiða réttarreglur ekki til þess að krafa hans um endurgjald fyrir framangreint lögmannsstarf hafi stofnast í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Breytir þar engu þótt höfuðstóll stefnukröfunnar væri tiltekinn í norskum krónum.

Í dómsmáli því er gagnáfrýjandi rak fyrir aðaláfrýjanda fór ekki fram nein gagnaöflun af hálfu gagnáfrýjanda eftir að hann lagði fram greinargerð sína og engar skýrslutökur á dómþingum eða munnlegur málflutningur. Verður því ekki talið að ákvæði b-liðs 1. töluliðs 5. greinar í lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands eigi við um endurgjald fyrir málflutningsstarf gagnáfrýjanda. Beri þess í stað við ákvörðun þess að hafa hliðsjón af a-lið nefndrar greinar. Er þá jafnframt rétt að hafa í huga að Hekla hf. greiddi fyrir þingfestingu málsins áðurgreindar 195.152,00 íslenskar krónur upp í stefnukröfuna og að gagnáfrýjandi tók þá þegar af því fé 19.069,40 krónur upp í málflutningslaun og kostnað sinn. Hins vegar þykir einnig rétt að líta til þess að eftir þetta urðu breytingar á gengi norskrar krónu gagnvart íslenskri þannig að eftirstöðvar kröfunnar hækkuðu í íslenskum krónum talið. Þegar þetta er virt svo og það sem fram er komið um útlagðan kostnað gagnáfrýjanda — sem þó verður ekki séð með vissu hver var í íslenskum krónum talið — þykir eftir atvikum rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 7.000,00 krónur ásamt þeim vöxtum sem héraðsdómari dæmdi og aðaláfrýjandi hefur fallist á.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Norgear A/S, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Júlíussyni, 7.000,00 krónur með vöxtum eins og í héraðsdómi greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. júní sl., hefur Þorsteinn Júlíusson, nnr. 9747-5393, Garðastræti 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með

stefnu birtri 9. febrúar sl. á hendur norska fyrirtækinu Norgear A/S, Gnæsveien 11, Tindsle 3200 Sandefjord, Norge.

Fyrir bæjarþinginu gerir stefnandi eftirfarandi kröfur:

Aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða í íslenskum gjaldmiðli andvirði norskra króna 12.928.- eins og það er á degi dómsuppkvaðningar. *Til vara* að stefndi verði dæmdur til að greiða ísl. kr. 49.100.-. Þá er krafist vaxta af tildæmdri fjárhæð, sem hér greinir: 42% ársvaxta frá 1.6. 1983 til 21.9. 1983, 35% ársvaxta frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvaxta frá þeim degi til 21.11. s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 21.12. s.á., 21,5% ársvaxta frá þeim degi til 21.1. 1984 og 15% ársvaxta frá þeim degi til 9.4. 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um málskostnað að mati réttarins og/eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Sótt er þing af hálfu stefnda og eftirfarandi dómkröfur gerðar:

Aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu í samræmi við reikning stefnanda á dómskj. nr. 19.

Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu á íslenskum krónum 6.318,10 auk vaxta, svo sem af almennum skuldakröfum frá þeim tíma, sem krafist er í stefnu, eða frá 1. júní 1983 til greiðsludags, þó svo, að reiknaðir verði dómvextir frá þingfestingardeggi 12. apríl 1984 til greiðsludags. Samkvæmt varakröfunni krefst stefndi einnig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands svo sem í munnlega fluttum málum.

Til þrautavara er krafist sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á ísl. kr. 14.781,- auk vaxta svo sem lýst er í fyrstu varakröfu hér að ofan, en jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, en að öðrum kosti að málskostnaður verði felldur niður.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á úrskurði gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands á þóknun fyrir meðferð hans á sjó- og verslunardómsmálinu Norgear A/S gegn Heklu hf. Hann segir þó stefnukröfuna ívið lægri en sá úrskurður gerir ráð fyrir.

Í erindi lögmannsins til gjaldskrárnefndar LMFÍ, dags. 21. júlí 1983, sem fram kemur á dómskjali nr. 9, lýsir hann málavöxtum svo:

„Í mars 1981 tók ég að mér mál fyrir norskt fyrirtæki Norgear A/S gegn Heklu hf. hér í borg.

Var málinu stefnt til þingfestingar í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur hinn 19. júní 1981 og nam stefnufjárhæð norskar kr. 218.600,- auk vaxta og málskostnaðar.

Í bréfi dags. 12.6. 1981 til hins norska lögmanns, Torsteins Skaara, sem

bað mig fyrir málið, skýrði ég honum umbeðinn frá því, að ég teldi málskostnað í málinu myndi nema u.þ.b. 30-35 þúsund ísl. krónum og hafði þá að sjálfsögðu hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ. Þar sem stefnukrafan er í norskum krónum, þá reiknaði ég stefnukröfuna til íslensks gjaldmiðils á þessum tíma, en gengi norsku krónunnar var þá um 1,2218, þannig að norskar krónur 218.600,00 voru ísl. krónur 267.085,00.

Á þessum tíma var gjaldskráin fyrir munnlega flutt mál þannig, að lágmarksgjald var kr. 1.957,00 síðan 15% af fjárhæð allt að kr. 158.713,00 og svo 7% af næstu 317.419,00, þannig að málskostnaðurinn nam, miðað við þessar forsendur, kr. 33.350,00 + 500,00 sem ég áætlaði í þingfestingar- og stefnubirtingarkostnað, eða samtals kr. 33.850,00. Sú fjárhæð gerir á þessum tíma yfirreiknað í norskar kr. 27.705,00 og er það sú fjárhæð sem ég tel rétt að reikna útfrá þegar málskostnaður í málinu er ákvarðaður.

Eftir að stefna í málinu hafði verið birt Heklu hf., sendi stefndi mér bréf, dags. 12. júlí 1981, og með bréfinu ávísun að fjárhæð ísl. kr. 195.152,00, sem greiðslu upp í stefnukröfuna. Þetta bréf var lagt fram í málinu sem dómskj. nr. 16 og kemur þar fram, að Hekla telur sig hafa að fullu greitt skuld sína við stefnanda, þar sem fyrirtækið eigi gagnkröfu á hendur stefnanda sem nemi mismuninum.

Ég yfirfærði síðan og sendi hinum norska lögmanni norskar kr. 141.984,44 og greiddi fyrir það í Landsbanka Íslands ísl. kr. 176.082,60 en hélt eftir af greiðslunni ísl. kr. 19.069,40 sem greiðslu upp í mína málflutningsbóknun.

Síðan leið tíminn, málið var áfram fyrir bæjarþingi. Gekk nokkuð seint að fá stefnda til að skila greinargerð og endaði með því að Hörður Einarsson hrl., sem hafði verið lögmaður stefnda, tjáði mér að hann væri hættur með málið og Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. tekinn við því. Þegar þar var komið sögu tjáði hinn norski lögmaður mér í bréfi að umbjóðandi hans væri orðinn mjög óþolinmóður vegna þess hve málið gengi seint. En í framhaldi af því lagði Jón Steinar fram greinargerð af hálfu stefnda. Meðan á málarekstrinum stóð átti ég ótal símtöl við norska lögmanninn auk bréfaskipta, og eins og fram kemur í bréfinu voru Norðmennirnir mjög harðir á því að gefa ekkert eftir af kröfum sínum og vildu halda málinu til streitu, þrátt fyrir ráðleggingar bæði norska lögmannsins og mínar. En þar kom að Norðmenn vildu fella málið niður, enda höfðu þeir þá í milli-tíðinni fengið greitt frá Heklu norskar kr. 30.000,00 í tengslum við einhver önnur viðskipti og sættu sig við að fella eftirstöðvar kröfunnar niður, vegna gagnkröfu Heklu hf. Var ég jafnframt beðinn um að senda reikning minn vegna málskostnaðar.

Reikninginn sendi ég og er hann að finna í meðfylgjandi bréfum, byggðan á þeim forsendum er ég hef lýst hér að framan, en fékk bréf frá norska

lögmanninum þar sem hann telur reikninginn of háan. Ég hef áður lýst því, að ég tel rétt, við ákvörðun málskostnaðar, að miða við hagsmuni stefnanda í málinu, sem eru norskar kr. 218.600,00. Eins og áður er sagt fékk ég hinn 12. júní 1981, greiddar upp í málskostnað ísl. kr. 19.096,40 sem gerði á þeim tíma norskar kr. 16.607,63. Á þessum tíma hefði heildarmálskostnaður í málinu numið norskum kr. 27.705,03, þannig að eftirstöðvar málskostnaðar eru að mínu mati norskar kr. 12.097,70 enda er það í samræmi við þær upplýsingar sem ég gaf hinum norska lögmanni þann 12. júní 1981 og engin athugasemd var gerð við þá.“

Á fundi í gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands þann 21. júlí 1983 ályktar nefndin að þóknun stefnanda fyrir meðferð málsins eigi að nema ísl. kr. 106.000,00 skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ, miðað við gengi norskrar krónu 30. maí 1983, auk útlags kostnaðar.

Reikningur stefnanda kemur fram á dómskj. nr. 6 og dags. 30. maí 1983, það er áður en stefnandi sendi erindið til gjaldskrárnefndar LMFÍ, enda er til reikningsins vitnað í erindi hans sbr. ofanritað. Reikningurinn er sundurliðaður þannig:

Þóknun fyrir lögfræðistörf		Nkr. 27.705,-
Útlagt:		
Sími	Nkr. 160,-	
Þýðing á norsku á skýringum Heklu	Nkr. 670,-	Nkr. 830,-
Innborgun 1.7. 1981		Nkr. 15.607,-
Eftirstöðvar nema þannig		Nkr. 12.928,-

sem er stefnufjárhæðin í málinu.

Þá hefur stefnandi lagt fram bréfaskipti sín og lögmanns stefnda, bréfaskipti þessi eru á dómskj. 10 - 18.

Þá hefur stefnandi lagt fram málskostnaðarreikning vegna máls þessa, niðurstaða hans nemur ísl. kr. 18.382,-. Reikningur þessi er á dómskjali nr. 19.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að áður en stefnandi tók að sér mál fyrir stefnda gegn Heklu hf. hafi norski lögmaðurinn staðið í bréfaskriftum við Heklu hf. og þó fyrst og fremst lögmann Heklu hf., Hörð Einarsson hrl. Öll gögn varðandi málið hafi stefnandi síðan fengið send frá norska lögmanninum.

Það sem stefnandi hafi gert og það eftir mikla eftirgangssemi norska lögmannsins hafi verið að gefa út stefnu og þingfesta málið og leggja fram greinargerð ásamt þeim gögnum sem að hann hafði fengið frá norska lögmanninum. Eftir að stefna hefði verið birt þann 11. júní 1981, eða daginn eftir þann 12. júní 1981, hafi stefnandi fengið senda greiðslu inn á kröfuna

eða ísl. kr. 195.152,00 sbr. dómskjal nr. 9. Þetta hafi verið sú fjárhæð sem Hekla hf. hafi talið sig skulda stefnda máls þessa að frádregnum af-slætti vegna gagnkröfu er Hekla hf. taldi sig eiga í málinu.

Af þessari fjárhæð hafi stefnandi strax tekið til sín ísl. kr. 19.069,40 sem greiðslu upp í málflutningsþóknun en sent afganginn ísl. kr. 176.082,60 eða jafngildi nkr. 141.984,44 til Noregs. Sú greiðsla hafi borist norska lögmanninum í byrjun júlí 1981.

Eftir þingfestingu málsins hafi stefnandi ekki gert annað en að fresta því meðan beðið væri eftir greinargerð Heklu hf. Að vísu hafi staðið til að halda einn sáttafund í málinu en af honum hafi ekki orðið þar sem lögmaður Heklu hf. hafi ekki mætt.

Seint og um síðir hafi lögmaður Heklu hf. skilað greinargerð og hafi málið síðan verið niður fellt án þess að frekari gagnaöflun af hálfu stefnanda færi fram og án þess að yfirheyrslur eða málflutningur færi fram.

Þá sé þess að geta að stefndi hafi í millitíðinni fengið greiddar beint frá Heklu hf. nkr. 30.000,00 í sambandi við önnur viðskipti aðilanna án þess að stefnandi máls þessa kæmi þar nærri sbr. það sem hann segi sjálfur á dómskj. nr. 9.

Í upphafi hafi stefnandi verið beðinn að segja til um hvort og hversu mikið hann vildi fá upp í væntanlegan kostnað. Í samtali hafi hann farið fram á ísl. kr. 15.000,00. Af því hafi þó ekki orðið að hann fengi þessa fjárhæð senda frá Noregi enda hafi það orðið örstuttu síðar að innborgun á kröfuna barst frá Heklu hf. en af henni hafi stefnandi tekið upp í þóknun rúmlega 19.000,00 ísl. krónur eins og að framan greinir.

Af dómskjali nr. 9 verði það ráðið að í upphafi eða í bréfi dags. 12. júní 1981 hafi stefnandi skýrt hinum norska lögmanni stefnda frá því að hann áætlaði að málskostnaður gæti orðið á bilinu 30-35 þúsund íslenskar krónur.

Á dómskjali 9 komi það jafnframt fram að stefnandi hafi þá miðað við kröfuna sem var nkr. 218.600,00 eða jafngildi 267.085,- ísl. króna. Síðan hafi stefnandi reiknað út málskostnaðinn, sbr. dómskj. nr. 9, eftir 5. gr. 1. t. l. b. í gjaldskrá LMFÍ, svo sem í munnlega fluttu máli og hafi hann reynst vera að mati stefnanda sjálfs ísl. kr. 33.850,00 eða ekki fjarri þeirri áætlun sem hann hafði sett fram við norska lögmanninn.

Þegar þetta sé haft í huga að strax eftir stefnubirtingu og meira að segja eftir að málið var þingfest hafi stefnandi borist í hendur sú eina greiðsla sem fékkst fyrir hans atbeina í málinu og af henni hafi hann tekið sér rúmlega ísl. kr. 19.000,00 upp í þóknun sína og sé alveg óhætt að líta svo á að stefnandi hafi þarna verið að taka sér þá greiðslu sem hann hafi talið hæfilega fyrir störf sín.

Hafa verði í huga að ef miðað sé við þá greiðslu sem Hekla hf. þarna

innt af hendi ísl. kr. 195.152,- og ef reiknaður væri af þeirri fjárhæð fullur málskostnaður svo sem hann var þá skv. gjaldskrá LMFÍ, í skriflega fluttu máli, komi út grunngjald kr. 1.798,00 auk 10% eða 19.515,00 auk útlagðs kostnaðar u.þ.b. kr. 500,00 eða samtals ísl. kr. 21.313,00.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að hann geti ekki sætt sig við að reiknað sé skv. því ákvæði í gjaldskrá sem nái yfir mál þar sem munnlegur aðalflutningur með tilheyrandi gagnaöflun hafi farið fram.

Þá sé rétt að benda á að í málinu sé fjallað um allháa fjárhæð miðað við stærð mála almennt. Megi því segja að stefnandi sé, miðað við þá vinnu, sem hann hafi lagt fram, fullsæmdur af þeirri þóknun sem hann fékk greidda strax í upphafi málsins.

Þá er því mótmælt að íslenskur lögmaður geti krafist málskostnaðar í máli, sem rekið er fyrir íslenskum dómstóli, í erlendri mynt.

Sýknukröfu sína byggir stefndi þannig á því að stefnandi hafi strax þann 12. júní 1981 fengið greiddar rúmar 19.000,00 ísl. kr. sem hafi verið því sem næst skv. lágmarkstaxta LMFÍ fyrir skriflega fluttu mál. Þegar af þessum ástæðum eigi að sýkna stefnda í máli þessu.

Af hálfu stefnda er jafnframt mótmælt álitu gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands þar sem stefndi hafi hvorki vitað hvernig eða hvenær málið yrði lagt fyrir nefndina og því síður hafi hann fengið tækifæri til að gæta réttar síns hjá gjaldskrárnefndinni. Þá líti gjaldskrárnefndin algjörlega framhjá þeirri staðreynd að sú eina greiðsla, sem stefndi fékk fyrir atbeina stefnanda, var innt af hendi í íslenskum krónum 12. júní 1981 og þá þegar hafi stefnandi tekið til sín rúmlega ísl. kr. 19.000,00. Þegar svo gjaldskrárnefndin 21. júlí 1983, eða rúmlega tveimur árum síðar, eigi að segja stefnanda að hans beiðni, hvað honum beri í þóknun fyrir málið, miði hún við upphaflega fjárhæð kröfunnar í norskum krónum það er 218.600,00 en að gengi norskrar krónu 30. maí 1983.

Þá ákveði nefndin málflutningsþóknun svo sem í munnlega fluttu máli alveg án tillits til þess að málið hafi aldrei verið munnlega flutt og engin gagnaöflun farið fram af hálfu stefnanda eftir þingfestingu.

Fallist dómurinn ekki á sýknukröfuna gerir stefndi varakröfu um sýknu gegn greiðslu á ísl. kr. 6.318,10 auk vaxta og málskostnaðar. Þessa upphæð finnur hann þannig, að hann miðar við þær ísl. kr. 33.850,- sem hann segir stefnanda hafa talið fullan málskostnað í munnlega fluttu máli sbr. dóm-skjal nr. 9 þegar málið var þingfest, og sú eina greiðsla, sem stefndi fékk, var innt af hendi, og dregur frá henni 25% eða ísl. kr. 8.462,50 eða ísl. kr. 33.850,00 mínus ísl. kr. 8.462,50, það er ísl. kr. 25.385,50 mínus innborgun 12.6. 1981 ísl. kr. 19.069,40 eða ísl. kr. 6.318,10. Þennan 25% frádrátt kveðst hann gera með hliðsjón af fordæmum úr úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands í nákvæmlega samskonar málum, þ.e. mál niður-

felld án málflytninga og frekari gagnaöflunar en þeirrar að taka við greinargerð gagnaðila. Stjórn LMFÍ hafi þá beitt ákvæðinu í gjaldskrá 5. gr. 1. tl. b og lækkað síðan heildarfjárhæðina um 25%.

Fallist dómurinn ekki á sýknu á grundvelli aðal- eða varakröfu stefnda gerir hann þrautavarakröfu um sýknu gegn greiðslu á ísl. kr. 14.781,00 auk vaxta svo sem lýst er í varakröfu.

Ofangreinda fjárhæð finnur stefndi þannig að hann miðar við málskostnað þann er stefnandi hafi sett fram á dóm skjali nr. 9 og dregur frá honum innborgunina, sem stefnandi fékk strax í upphafi eða sem hér segir: ísl. kr. 33.870,00 mínus innborgun 12.9. 1981 ísl. kr. 19.069,40 eða ísl. kr. 14.781,00.

Hér beitir hann ekki niðurskurði svo sem í varakröfunni. Þá heldur hann því fram að þó aðeins sé fallist á þrautavarakröfuna skorti svo verulega á að stefnandi hafi sett fram réttmæta kröfu í málinu að dæma eigi hann til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu og megi þar hafa hliðsjón af málskostnaðarreikningi stefnanda á dóm skjali 19 í málinu.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi og Stefán Pálsson hrl. sem sæti á í Gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands.

Álit dómsins.

Hér er um það deilt hvaða þóknun stefnanda beri vegna flytninga hans á málinu Norgear A/S gegn Heklu hf. en það höfðaði hann f.h. stefnda með stefnu birtri 11. júní 1981. Af hálfu Heklu hf. var í því máli skilað greinargerð. Að þessu athuguðu þykir stefnandi réttilega hafa reiknað þóknun sína í samræmi við 5. gr. 1. mgr. b. liðar gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, en ekki eru brígdur á það bornar að hún gildi á skiptum aðila. Stefnufjárhæðin nam nkr. 218.600,00. Samkvæmt 5. gr. 1. mgr. b. liðar er það sú fjárhæð sem reikna skal með þegar málskostnaðarreikningur er gerður. Rétt er hér síðan að draga frá þannig fundnum málskostnaði inngreiðslur í nkr.

Mál það, sem þóknunar er krafist fyrir, var niður felld að ósk stefnda eftir að hann hafði fengið greitt að hluta. Stefnandi þurfti hvorki að vera við yfirheyrslur né að sækja mál munnlega. Þykir því við hæfi að draga í nokkru frá þóknun hans skv. 5. gr. 1. mgr. 6. liðar gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Þegar ofangreind sjónarmið eru höfð í huga þykja eftirstöðvar þóknunar til handa stefnanda hæfilega ákveðnar ísl. kr. 20.000,00. Rétt þykir að vextir reiknist í samræmi við kröfugerð stefnanda af dæmdri fjárhæð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem hæfilega er ákveðinn kr. 12.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Norgear A/S greiði stefnanda, Þorsteini Júlíussyni hrl., ísl. kr. 20.000,00 með 42% ársvöxtum frá 1.6. 1983 til 21.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til 9.4. 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, (nú 19% ársvextir) og kr. 12.000,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1986.

Nr. 9/1986

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristni Jónssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. janúar 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. janúar 1986.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því, af hálfu ákærvalds og ákærða, að skaðabótaákvæði héraðsdóms væru ekki til endurskoðunar. Koma þau því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, m.a. bréf skiptaráðanda í Reykjavík, Ragnars Halldórs Hall, dags. 6. mars 1986,